

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við  
brautskráningu kandiata frá Hjúkrunarfræðideild sem lokið hafa öðru  
háskólanámi. Haldið í Hátíðasal föstudaginn 21. október 2022 kl. 10.**

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs, deildarforseti Hjúkrunar- og  
ljósmóðurfræðideildar, kandiatar, góðir gestir.

Það er mikið ánægjuefni að fá tækifæri til að ávarpa ykkur, kæru  
kandiatar, á þessari brautskráningarhátíð ykkar hér í Hátíðasal í dag. Við  
erum stolt af ykkur og þeim árangri sem þið hafið náð.

Þið eruð brautryðjendur með því að vera fyrsti hópurinn sem brautskráist  
af nýrri tveggja ára námsleið til BS-prófs í hjúkrunarfræði, en boðið var  
upp á þetta nám fyrsta sinni árið 2020. Sérstaða námsleiðarinnar felst í því  
að hún er ætluð nemendum sem sótt hafa annað nám við Hjúkrunar- og  
ljósmóðurfræðideild eða hafa lokið öðru námi frá annarri deild og fengið  
það metið. Markmiðið með náminu er ekki aðeins að koma til móts við  
aukna þörf heilbrigðiskerfisins fyrir háskólamenntaða hjúkrunafræðinga,  
heldur ekki síður að auka möguleika fólks sem þegar er komið út í  
atvinnulífið til að afla sér frekari menntunar og hasla sér völl á nýjum  
starfsvettvangi. Allt er þetta til marks um breytta tíma og breytta tilhögun  
starfsævinnar. Segja má að það fyrirkomulag sé á undanhaldi að fólk  
mennti sig snemma á ævinni til tiltekins starfs og gegni því svo starfsævina  
á enda. Þess í stað færist það sífellt í vöxt að fólk sækir sér  
viðbótarmenntun síðar á lífsleiðinni, ýmist í sinni grein eða á öðru sviði og  
skipti að því búnu um starfsvettvang. Þetta er í senn afleiðing af því að  
ævilíkur fólks hafa aukist verulega og hefðbundnar hugmyndir um  
æviskeiðin riðlast að sama skapi, en einnig hefur þjóðfélagið tekið miklum

breytingum og tækninni fleygt fram svo að fyrirsjáanlegt er að ýmsar hefðbundnar starfsgreinar munu líða undir lok og aðrar koma í þeirra stað. Önnur sérstaða þessa náms felst í nemendahópnum sem það sækir. Nemendur sem hefja nám í nýrri grein eftir að hafa lokið öðru háskólaprófi eru iðulega með meiri lífsreynslu í farteskinu og vita betur hvað þau vilja en nemendur sem nýlokið hafa framhaldsskólanámi. Af þessu leiðir að brottfall er minna en gerist og gengur. Annað athyglisvert einkenni námsins er að hlutfall karla er hærra en í hefðbundnu hjúkrunarfræðinámi og er það yfir 10%.

Allt þetta gerir nýjar og breyttar kröfur til menntastofnana og er námsleið ykkar í hjúkrunarfræði gott dæmi um viðbrögð menntakerfisins við breyttum aðstæðum. Nám í hjúkrunarfræði fyrir fólk sem lokið hefur öðru háskólanámi á sér raunar lengri sögu í öðrum löndum og hefur slíkt nám t.d. verið við lýði í Bandaríkjunum um nokkurra áratuga skeið. Það var því nærtækt að þegar byrjað var að huga að því hér á landi að setja á laggirnar nám í hjúkrunarfræði fyrir nemendur sem lokið hafa öðru háskólanámi var leitað til University of Minnesota sem er elsti samstarfsháskóli Háskóla Íslands, en þessi tveir háskólar hafa unnið náið saman í 40 ár, m.a. á sviði nemenda- og starfsmannaskipta. Þess má geta að nú í haust endurnýjuðu háskólarnir samstarfssamning sinn og er m.a. áformað að auka samstarfið enn frekar á næstu árum. Það var einmitt háskólinn í Minnesota sem var einn helsti bakhjarl Háskóla Íslands þegar Hjúkrunarfræðideild var sett á laggirnar við skólann.

Kæru kandídatar. Um leið og ég þakka ykkur fyrir hönd Háskóla Íslands samfylgdina á undanförunum árum vil ég ljúka máli mínu á því að hvetja

ykkur til að nýta námið til að láta gott af ykkur leiða. Prófskírteinin sem takið við hér á eftir eru lykill sem opnar ykkur fjölbreytt tækifæri og spennandi atvinnumöguleika um allan heim. Um leið og við, stjórnendur og starfsfólk Háskóla Íslands, þökkum ykkur fyrir samfylgdina óskum við ykkur velfarnaðar, hvert sem leiðir ykkar munu liggja, hvar sem þið munuð hasla ykkur völl. Megi draumar ykkar rætast í verkum ykkar, ykkur sjálfum og samfélaginu öllu til blessunar.